

1994 nr. 68 11. maí**Lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands**

Tóku gildi 30. maí 1994.

I. kafli. Heiti. Tilgangur.**■ 1. gr.**

□ Með lögum þessum er Brunabótafélagi Íslands, sem starf að hefur sem gagnkvæmt váttryggingafélag síðan 1. janúar 1917, breytt í eignarhaldsfélag og hættir félagið jafnframt beinni váttryggingastarfsemi.

□ Frá gildistöku laga þessara yfirtekur eignarhaldsfélagið öll réttindi og allar skyldur Brunabótafélags Íslands hverju nafni sem nefnast, sbr. þó 4. gr.

■ 2. gr.

□ Heiti félagsins er Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

□ Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

■ 3. gr.

□ Tilgangur og starfssvið félagsins er einkum:

— að taka þátt í váttryggingastarfsemi með eignaraðild að váttryggingafélögum,

— að stunda lánastarfsemi, m.a. til verklegra framkvæmda sveitarfélaga eftir því sem ástæður félagsins leyfa, svo og rekstur fasteigna,

— að stuðla að þróun váttrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og að taka þátt í eða veita styrki til slíkrar starfsemi.

II. kafli. Flutningur stofns. Eign og ábyrgð.**■ 4. gr.**

□ Flytja skal váttryggingastofn Brunabótafélags Íslands í brunatryggingum fasteigna við gildistöku laga þessara til Váttryggingafélags Íslands hf. Réttindi og skyldur váttryggingataka og váttryggðra, m.a. að því er varðar skilmála og iðgjöld, skulu haldast óbreytt við flutninginn. Váttryggingafélag Íslands hf. gengur inn í aðild Brunabótafélags Íslands að samningum um brunatryggingar fasteigna við sveitarfélögin og skulu báðir aðilar bundnir við efni þeirra samninga. Sveitarfélag, sem þess óskar, getur þó sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. október 1995 en missir við þá uppsögn aðild að fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins.

□ Eigendur fasteigna eru bundnir af samningum sveitarfélaga við Brunabótafélag Íslands samkvæmt ákvæðum laga um brunatryggingar húseigna.

■ 5. gr.

□ Sameigendur félagsins eru:

1. Þeir sem hafa brunatryggingu fasteignar hjá Brunabótafélagi Íslands þegar lög þessi taka gildi og fluttir eru til Váttryggingafélags Íslands hf., sbr. 4. gr.

2. Þeir sem váttryggðu hjá Brunabótafélagi Íslands 31. desember 1988 og færðir voru með leyfi tryggingamálaráðherra til Váttryggingafélags Íslands hf. 1. janúar 1989.

3. Sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins, sbr. III. kafli.

□ Eigendahópar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. breytast samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga þessara.

□ Ábyrgð sameigenda félagsins takmarkast við eignarréttindi þeirra í því.

■ 6. gr.

□ Eignarréttindi sameigenda eru óvirk nema til slita á félaginu komi, sbr. 16. gr. Ákveða skal slitaverðmæti (eignarhlut) hvers og eins sameiganda á þeim degi er lög þessi taka gildi.

□ Eignarhlutur hvers og eins sameiganda skv. 1. tölul. 5. gr. ákvarðast sem hlutfall af hreinni eign félagsins í árslok 1992 og miðast við iðgjaldagreiðslur hans til Brunabótafélags Íslands tvö undangengin almanaksár fyrir gildistöku laganna.

□ Eignarhlutur hvers og eins sameiganda skv. 2. tölul. 5. gr. ákvarðast sem hlutfall af hreinni eign félagsins í árslok 1992 og miðast við iðgjaldagreiðslur hans til Brunabótafélags Íslands almanaksárin 1987 og 1988, framreiknaðar til ársloka 1992 í hlutfalli við breytingar á hreinni eign félagsins frá árslokum 1988 til ársloka 1992 samkvæmt ársreikningi.

□ Eignarhlutir látinna sameigenda og sameigenda sem ekki eru skráðir lögaðilar við gildistöku laga þessara falla til sameignarsjóðs, sbr. III. kafli.

III. kafli. Sameignarsjóður.**■ 7. gr.**

□ Stofnaður er sjóður er heitir sameignarsjóður Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

□ Tilgangur sjóðsins er hinn sami og tilgreindur er í 3. gr.

■ 8. gr.

□ Til sameignarsjóðsins falla metin eignarréttindi sameigenda eftir reglum í 15. gr.

□ Sameignarsjóðurinn skal vera í vörslu félagsins en fulltrúaráð þess ákveður meðferð hans.

□ Fulltrúaráðið skal setja sameignarsjóðnum samþykktir sem hafa að geyma fyllri ákvæði um útfærslu lagaákvæðanna um sjóðinn.

IV. kafli. Fulltrúaráð. Fundir. Stjórn.**■ 9. gr.**

□ Fulltrúaráð eignarhaldsfélagsins er skipað fulltrúum sveitarfélaganna í landinu eftir nánari ákvæðum þessara laga. Fulltrúaráðið hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

□ Ári eftir reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu kaupstaðir og héraðsnefndir, sem fulltrúa eiga í fulltrúaráði félagsins, tilnefna einn mann og annan til vara í fulltrúaráðið. Atkvæðisréttur og kjörgengi manns á fundi í héraðsnefnd við tilnefningu í fulltrúaráð er háð því að sveitarfélag það, sem hann er fulltrúi fyrir, hafi haft samning um brunatryggingar fasteigna hjá Brunabótafélagi Íslands er lög þessi tóku gildi og hafi ekki sagt þeim samningi upp síðar.

■ 10. gr.

□ Aðalfund fulltrúaráðsins skal kalla saman fjórða hvert ár, næsta ár á eftir reglulegum sveitarstjórnarkosningum, og er kjörtímabil fulltrúaráðsmanna milli aðalfunda. Á aðalfundi skal kjósa félaginu stjórn og varastjórn og er kjörtímabil stjórnarmanna einnig milli aðalfunda. Fulltrúaráðið skal kalla saman til aukafunda hvenær sem stjórn félagsins ákveður og ætíð ef eigi færri en $\frac{1}{10}$ fulltrúaráðsmanna óskar þess.

■ 11. gr.

□ Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal kjósa sjö manna stjórn og fimm til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna. Stjórnarmenn skipta sjálfir með sér verkum. Stjórn félagsins afgreiðir ársreikninga félagsins fyrir lok júnímánaðar ár hvert, hefur umsjón með sjóðum og öðrum eignum og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna.

■ 12. gr.

□ Skuldbindingar stjórnarinnar eru bindandi fyrir félagið í heild ef þær eru undirritaðar af formanni eða varaformanni í forföllum hans og þremur stjórnarmönnum.

■ 13. gr.

□ Stjórnin ræður félaginu forstjóra sem stjórnar daglegum rekstri félagsins og fjármálum í umboði stjórnar samkvæmt

nánari ákvæðum í starfssamningi sem stjórnin gerir við hann. Stjórnin ákveður forstjóra laun og önnur starfskjör.

■ **14. gr.**

□ Fulltrúaráð skal setja félaginu samþykktir sem taki til innri málefna félagsins, svo sem um boðun funda og lög-
mæti þeirra, fundarsköp og dagskrár funda, afgreiðslu mála,
framlagningu ársreikninga og endurskoðun þeirra. Jafnframt
skulu samþykktirnar hafa að geyma nánari útfærslu á ákvæð-
um þessara laga. Samþykktum má breyta á lögætum aðal-
fundi eða aukafundi fulltrúaráðs enda hafi $\frac{3}{4}$ fundarmanna
samþykkt breytinguna.

V. kafli. Breytingar. Félagsslit. Brottfall réttinda.

■ **15. gr.**

□ Við andlát sameiganda og þegar lögaðili, sem er sameig-
andi, er ekki lengur skráður sem lögaðili falla eignarréttindi
sameiganda skv. 5. gr. niður og eignarréttindin falla þá til
sameignarsjóðs félagsins.

■ **16. gr.**

□ Ákvörðun um slit á félaginu skal tekin á lögætum að-
alfundi eða aukafundi fulltrúaráðsins og þarf atkvæði minnst

$\frac{3}{4}$ fulltrúaráðsmanna til að slík samþykkt sé gild.

□ Ákveði fulltrúaráð að slíta félaginu skal fyrst inna af hendi
allar skuldbindingar þess hverju nafni sem nefnast eða setja
tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Síðan skal greiða þeim sem
eiga réttindi hjá félaginu á grundvelli 5. gr. en það sem eftir
er rennur til sameignarsjóðs. Taki annað félag ekki við hlut-
verki eignarhaldsfélagsins við slit þess skal hrein eign sam-
eignarsjóðsins renna til þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að
fulltrúaráðinu í hlutfalli við brunatryggingariðgjöld fasteigna
samkvæmt samningum sveitarfélaganna á váttryggingarárinu
15. október 1992 til 14. október 1993.

■ **17. gr.**

□ Sameining sveitarfélags, sem er í samningstengslum við
félagið og annars eða annarra sveitarfélaga sem ekki eru slík
tengsl við, breytir ekki réttindum hins sameinaða sveitarfé-
lags í eignarhaldsfélaginu kjósi sveitarfélagið að halda samn-
ingstengslum sínum áfram eftir sameininguna.

■ **18. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða. . . .**